

✉ Tilkynning um kæru nr. 452024, stjórnvald.

Búið til	15.4.2024 11:19:09
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Mótttekið dags.	15.4.2024 10:00:59
Tilheyrir	📁 USK24040142 - Miklabraut 101 - Tilkynning um kæru nr 45/2024

Efni

Tilkynning um kæru nr. 452024, stjórnvald.

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	15.4.2024 10:00:59	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæurur og dómssmál		
Lykilorð	kæurur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	[Redacted]

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttokin 12. apríl 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur dags. 8. mars 2024 um að slökkva á og fjarlægja LED-auglýsingaskilti að viðlögðum dagsektum.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Þess er vinsamlegast óskað að gögn málsins verði afhent úrskurðarnefndinni með skipulegum hætti, eftir atvikum með fylgiskjalalista. Ekki er þörf á að afhenda gögn sem fylgdu með kæru.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ;
p;

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 5758710

www.uua.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cc0b8be383b1547c682f008dc5d32f70a%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638487721597761193%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=H1A%2Fhmp8bxQKUXHJCYSJTW%2BRJGzGNWYPutpxukqeTL4%3D&reserved=0>)

url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cc0b8be383b1547c682f008dc5d32f70a%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638487721597761193%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=H1A%2Fhmp8bxQKUXHJCYSJTW%2BRJGzGNWYPutpxukqeTL4%3D&reserved=0) - Fyrirvari/Disclaimer (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cc0b8be383b1547c682f008dc5d32f70a%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63848772159776481%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=5nylQI4xNmmCq0UBouGScZBS0kL1aR%2FeV0QwNH0eNSQ%3D&reserved=0>)

url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-

disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cc0b8be383b1547c682f008dc5d32f70a%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63848772159776481%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=5nylQI4xNmmCq0UBouGScZBS0kL1aR%2FeV0QwNH0eNSQ%3D&reserved=0)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

sent rafrænt á uuu@uuu.is



Reykjavík, 12. apríl 2024

Efni: Kæra á ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur vegna auglýsingaskiltis – Miklubraut 101

Til Réttar hafa leitað Lónseyri ehf., kt. 590214-1830, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, og LED Birtingar ehf., kt. 550121-2040, Sóltúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir saman „**umbjóðendur mínir**“ eða „**kærendur**“) (fskj. 1) vegna krafna Reykjavíkurborgar um að slökkva á og fjarlægja LED-auglýsingaskilti sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut í Reykjavík, að viðlögðum dagsektum verði ekki orðið við þeirri kröfu. Vísað er til bréfs, dags. 8. mars 2024, frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, sem móttakið var af Lónseyri ehf. 14. mars sl., vegna framangreindra krafna byggingarfulltrúa (fskj. 4). Kröfur byggingarfulltrúa eru til komnar vegna þess að skiltið hefur ekki fengið útgefið byggingarleyfi.

Eins og fyrr segir móttók umbjóðandi minn, Lónseyri ehf., bréf byggingarfulltrúa þann 14. mars sl., sbr. tölvupóst þess efnis frá byggingarfulltrúa (fskj. 5). Er kæra þessa því lögð inn til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan 30 daga frá því að umbjóðendum mínum varð kunnugt um hina kærانlegu ákvörðun skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Þess ber að geta að umbjóðendur mínir lögðu fram andmæli til byggingarfulltrúa vegna áforma hans þann 8. apríl sl. Þegar kæra þessi er lögð fram hefur byggingarfulltrúi ekki tekið afstöðu til þeirra andmæla.

Um kærurheimild vísast til 59. gr. laga nr. 160/2010, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Kröfur kærenda

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi framangreind ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 8. mars 2024, um að slökkva á og fjarlægja LED-auglýsingaskilti að viðlögðum dagsektum.

Málsrök kærenda

I.

LED-auglýsingaskiltið, sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut (hér eftir „**lóðin**“), er rekið af og í eigu LED Birtingar ehf. Á lóðinni er þjónustustöð þar sem meðal annars er eldsneytissala á vegum Orkunnar og apótek Lyfjavals. Í lok árs 2021 keypti Kaldalón hf., dótturfélag Orkunnar ehf., lóðina af Skeljungu ehf. Við kaupin var gerður langtímaleigusamningur á milli kaupanda lóðarinnar og Orkunnar ehf. um afnot af lóðinni. Í kjölfarið á þeim kaupum leigði LED Birtingar ehf. vegg sem staðsettur er á lóðinni og skipti þar út eldra auglýsingaskilti fyrir nýrra og

umhverfisvænna LED-auglýsingaskilti (hér eftir „**auglýsingaskiltið**“). Lónseyri ehf., dótturfélag Kaldalón hf., er skráður eigandi lóðarinnar. Áform byggingarfulltrúa í upphafi var að beina kröfum sínum að Orkunni ehf., þó svo að Orkan eigi hvorki lóðina né umrætt auglýsingaskilti sem stendur á lóðinni. Byggingarfulltrúi tók málið til endurskoðunar, eftir að umbjóðandi minn, LED birtingar ehf., upplýsti byggingarfulltrúa um að hann væri umráðamaður og eigandi auglýsingaskiltisins. Þrátt fyrir þá ábendingu beinir byggingarfulltrúi nú kröfum sínum að umbjóðanda mínum, Lónseyri ehf.

Auglýsingaskiltið er með öllu óviðkomandi Lónseyri ehf., þó að skiltið sé staðsett á lóð sem félagið keypti fyrir fáeinum árum. Orkan ehf. (leigutaki) er með leigusamning við Lónseyri ehf. um afnot af lóðinni og LED Birtingar ehf. er eigandi og umráðamaður auglýsingaskiltisins og er Orkan ehf. þeirra leigusali. Samt sem áður virðist Reykjavíkurborg ætla að halda kröfum sínum til streitu hvað það varðar að beina hinum kærðu kröfum að Lónseyri ehf., þrátt fyrir ábendingar um að það séu LED Birtingar ehf. sem beri einn ábyrgð á skiltinu.

Vegna þeirrar staðreyndar að kröfunum er beint að Lónseyri ehf., er kæra þessi þó lögð fram af hálfu beggja aðila, þ.e. eiganda lóðarinnar (Lónseyri ehf.) og eiganda skiltisins (LED Birtingar ehf.). Til einföldunar verður því vísað til beggja þessara félaga sameiginlega sem „umbjóðendur mínir“ eða „kærendur“, þrátt fyrir að Lónseyri ehf., hafi ekkert með skiltið að gera.

II.

Umbjóðendur mínir byggja á því að byggingarfulltrúi sé ekki að beina kröfum sínum að réttum aðila, þ.e. Lónseyri ehf. sem eiganda lóðarinnar sem umrætt auglýsingaskilti stendur á. Hvorki í lögum um mannvirki nr. 160/2010 né í byggingarreglugerð nr. 110/2012 (hér eftir „**byggingarreglugerð**“) er kveðið á um það hver það sé sem eigi að sækja um byggingarleyfi fyrir skiltum. Í 2. mgr. 2.5.1 gr. byggingarreglugerðarinnar er einungis kveðið á um að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Í 3. mgr. kemur svo fram að „umsækjandi skal senda skriflega umsókn ásamt tilheyrandi gögnum til leyfisveitanda.“ Í 2.5.2. gr. byggingarreglugerðarinnar kemur fram að eigandi skiltisins beri ábyrgð á öryggiskröfum sem kveðið er á um í sama ákvæði.

Af því leiðir að lóðareigandi ber ekki skyldu til að sækja um byggingarleyfið í þessu tilviki og ber Reykjavíkurborg að beina kröfum sínum að LED Birtingum ehf., sem er eigandi skiltisins og ber alla ábyrgð á því, en ekki Lónseyris ehf. Það getur enda ekki staðist að Reykjavíkurborg geti krafist þess að lóðareigandi fjarlægi eða slökkvi á skilti sem stendur á vegg á lóð þeirra sem þeir hafa engin umráð yfir. Þegar af þeirri ástæðu ber að fella fyrrnefnda ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 8. mars. 2024, úr gildi.

III.

Verði ekki fallist á framangreint er byggt á eftirfarandi.

Eins og fyrr segir leigðu LED Birtingar ehf. umræddan vegg til þess eins að setja þar upp auglýsingaskilti. Þegar leigusamningurinn um vegginn var gerður, fyrir um tveimur árum síðan,

var þar auglýsingaskilti fyrir, sem hafði athugasemdalaust staðið á veggnum í áratug (fskj. 2). Eina sem LED Birtingar ehf. gerðu þegar þau leigðu vegginn var að taka fyrra auglýsingaskilti niður og setja nýtt skilti, sömu stærðar, á þennan sama vegg þó þannig að skiltið uppfylli reglur um glýju, ljóma, birtumagn og aðrar öryggisreglur sem gilda um skilti sem þessi. Auglýsingaskiltið sem nú stendur á veggnum er því með lægra birtustig ásamt því að vera umhverfisvænna en fyrra auglýsingaskiltið sem var á veggnum.

Í 3.6 gr. samþykka Reykjavíkurborgar um skilti kemur m.a. fram að „leyfilegt sé að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef fyrir sé sambærilegt skilti“. Umbjóðendur mínir stóðu þ.a.l. í góðri trú um að tilskilin leyfi hafi verið fyrir því skilti, sem stóð þar fyrir, þegar bæði umbjóðandi minn Lónseyri ehf. festi kaup á lóðinni og þegar umbjóðandi minn LED Birtingar ehf., tóku gamla skiltið niður og settu upp nýtt sambærilegt skilti. Það ber að ítreka að það gerðist einungis fyrir um tveimur árum síðan.

Umbjóðendur mínir voru þannig í góðri trú þegar hann leigði vegginn til þess að setja þar upp nýtt skilti enda hafði, á þessum sama vegg, verið annað auglýsingaskilti sem LED Birtingar ehf. tóku niður.

Með vísan til framangreinds stóðu LED Birtingar ehf. í þeirri trú að fyrra skilti hafi staðið á veggnum með leyfi Reykjavíkurborgar þegar félagið leigði vegginn í sama tilgangi, enda hafði fyrri skiltið staðið á veggnum árum saman án athugasemda.

IV.

Umbjóðendur mínir byggja jafnframt á því að það beri að horfa til jafnræðissjónarmiða stjórnýslulaga nr. 37/1993 þegar kröfur sem þessar eru lagðar á borgarana. Það er staðreynd að önnur sambærileg auglýsingaskilti fá að standa athugasemdalaust víðsvegar um borgina án útgefins byggingarleyfis, þrátt fyrir að þau séu óumdeilanlega á byggingum eða frístandandi, sbr. nánari umfjöllun hér að neðan um byggingarleyfisskyldu skiltis umbjóðenda minna. Byggingarfulltrúi getur ekki komið fram við borgara með mismunandi hætti og hefur það bæði þýðingu varðandi athafnir og athafnaleysi. Það er brot á jafnræðisreglu stjórnýsluréttar þegar byggingarfulltrúi aðhefst ekki gagnvart öðrum aðilum sem starfrækja skilti í borginni, og hafa ekki til þess byggingarleyfi, en krefja umbjóðendur mína um að slökkva á og fjarlægja skiltið sitt.

Auk framangreinds liggur það fyrir að auglýsingaskilti á hlið strætóskýla eru undanþegin byggingarleyfisskyldu. Það er fjöldi slíkra auglýsingaskilta í nágrenni við skilti umbjóðenda minna. Auglýsingaskiltin á strætóskýlum eru sambærileg því skilti sem umbjóðendur mínir eiga og reka, þ.e. að um er að ræða LED-auglýsingaskilti sem standa nærri vegum. Rekstraraðilar auglýsingaskiltanna á strætóskýlum eru þar að auki í beinni samkeppni við umbjóðendur mína, þ.e. selja og birta auglýsingar á skiltum víðsvegar um borgina. Það skýtur því skökku við að auglýsingaskilti sem eru á strætóskýlum fái að standa athugasemdalaust og án allrar aðkomu byggingarfulltrúa og veghaldara líkt og Vegagerðinni, og það þrátt fyrir að í 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé kveðið á um að ekki megi setja auglýsingar eða ljósaskilti á eða við veg þannig að því sé beint að umferð nema með heimild veghaldara, á meðan öðrum eigendum og rekstraraðilum annarra skilta, eins og umbjóðendum mínum, er gert að fjarlægja skilti sín eða

að öðrum kosti að greiða háar fjárhæðir í dagsektir. Þetta er einkar sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að Strætó bs. er í eigu sveitarfélaganna, þ. á m. Reykjavíkurborgar sem nú hefur farið fram á að umbjóðendur mínir fjarlægji og slökkvi á sínu auglýsingaskilti að viðlögðum dagsektum. Hér er um hagsmunaárekstur að ræða, enda staðreyndin sú að það eru mörg auglýsingaskilti víðsvegar um borgina sem uppfylla ekki skilyrði byggingarreglugerðarinnar um byggingarleyfi. Þannig er ljóst að ef byggingarfulltrúi heldur sínum áformum áfram, um að krefja aðra rekstraraðila auglýsingaskilta að fjarlægja og slökkva á sínum skiltum, þá mun að lokum Strætó bs. vera eini aðilinn sem mun geta haldið úti rekstri á auglýsingaskiltum í námunda við akbrautir.

Í ljósi framangreinds eru kröfur byggingarfulltrúa brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

V.

Í fyrrgreindu bréfi, dags. 8. mars 2024, sem umbjóðanda mínum, Lónseyri ehf., barst þann 14. mars sl. kemur fram að samkvæmt 2.5.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sé gerð sú krafa að sótt sé um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Í bréfinu er það einnig fullyrt að skiltið falli undir ákvæði laga nr. 160/2010 um mannvirki og sé því háð leyfi frá byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í bréfinu er jafnframt kveðið á um að byggingarfulltrúa hafi borist ábending frá Vegagerðinni að stærð og staðsetning skiltisins gefi tilefni til að hafa áhyggjur af umferðaröryggi. Þá er því einnig haldið fram að skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hafi tekið undir þau sjónarmið. Það eitt og sér, að Vegagerðin hafi áhyggjur af því að skiltið vegi að umferðaröryggi getur ekki orðið til þess að umbjóðandi minn verði krafinn um að slökkva á og fjarlægja skiltið. Fyrir þessum meintu áhyggjum liggur enginn rökstuðningur að baki né haldbærar skýringar, a.m.k. hefur umbjóðendum mínum ekki borist slíkur rökstuðningur eða skýringar. Þá vita umbjóðendur mínir ekki til þess að skiltið hafi valdið umferðaróhappi né að það valdi yfir höfuð óöryggi eða trufla ökumenn. Þá hafa engar kvartanir borist vegna skiltisins til umbjóðanda minna. Við þetta má bæta að Vegagerðin hefur sjálf sett upp LED skilti sem virðist ekki gefa þeim tilefni til þess að hafa áhyggjur af umferðaröryggi (fskj. 3). Verður ekki betur séð en að rökstuðningur í ákvörðun byggingarfulltrúa sé ófullnægjandi með hliðsjón af öllu framangreindu, byggir ákvörðunin þ.a.l. á ófullnægjandi og órannsökuðum forsendum.

Hvað sem því líður, þá kemur fram í 8. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna að kveðið skuli á um staðsetningu, gerð og frágang skilta í reglugerð auk ákvæða um hvaða skilti skuli háð byggingarleyfi. Í 2. mgr. 2.5.1. gr. byggingarreglugerðarinnar kemur fram að skilti eru einungis byggingarleyfisskyld þegar þau eru annað hvort frístandandi eða á byggingum. Í 21. tl. 1.2.1. gr. byggingarreglugerðarinnar er bygging skilgreind sem hús, byggt á staðnum eða sett saman úr einingum, og önnur sambærileg mannvirki. Þá er frístandandi skilti skilgreint í 1.4 gr. samþykka Reykjavíkurborgar um skilti, sem skilti sem ekki eru fest við hús en eru með varanlega tengingu við jörðu.

Umrætt skilti umbjóðanda míns stendur á vegg sem staðsettur er á lóð nr. 101 við Miklubraut. Veggurinn er einn þriggja veggja sem standa saman sem einskonar skjólveggur fyrir olúbíla sem fylla á bensíngeyma sem eru neðanjarðar, sjá meðfylgjandi myndir á fskj. 2 til nánari skýringar. Ekki verður séð að veggur og/eða skjólveggur falli undir hugtakið bygging í skilningi 21. tl. 1.2.1. gr. byggingarreglugerðarinnar, enda ekki um að ræða hús eða annað sambærilegt mannvirki. Þá verður heldur ekki séð að skiltið geti talist frístandandi skilti í skilningi 1.4. gr. samþykktanna enda hangir LED skiltið á vegg og er ekki með varanlega tengingu við jörðu. Þar að leiðandi byggja umbjóðendur mínir á því að umrætt LED-auglýsingaskilti sé ekki byggingarleyfisskilt í skilningi 2.5.1. gr. byggingarreglugerðarinnar og ber því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Í því ljósi er vert að benda á að ákveðin skilti eru undanþegin byggingarleyfisskyldu, skv. samþykktum Reykjavíkur um skilti, en slík skilti þurfa engu að síður að taka mið af ákvæðum samþykktanna varðandi birtustig. Auglýsingaskilti umbjóðanda minna uppfyllir allar þær öryggisreglur sem til skilta sem þessa eru gerðar.

VI.

Í ljósi alls framangreinds ber að ógilda ákvörðun Reykjavíkurborgar, dags. 8. mars 2024.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn ef nefndin óskar þess. Einnig er áskilinn réttur til andmæla vegna sjónarmiða sem kunna að koma fram undir rekstri málsins.

Virðingarfyllt,


Arnar Gauti Grettisson, lögmaður

Fylgiskjöl:

Fskj. 1 – Umboð.

Fskj. 2- Myndir af veggnum sem LED-auglýsingaskiltið stendur á.

Fskj. 3 – Mynd af LED skilti Vegagerðarinnar.

Fskj. 4 – Bréf, dags. 8. mars 2024, frá byggingarfulltrúa.

Fskj. 5 – Staðfesting á að bréfið hafi borist Lónseyri ehf. þann 14. mars 2024.

UMBOÐ

Ég undirrituð, Halldóra Brandsdóttir, kt. [REDACTED], fyrir hönd LED Birtingar ehf., kt. 550121-20, staðfesti hér með að Sigurður Örn Hilmarsson og löglærðir fulltrúar hans á Rétti - Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, hafa hér með fullt og ótakmarkað umboð til að gæta réttar LED Birtingar ehf. í tengslum við eftirfarandi:

Hagsmunagæsla vegna skiltis sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut

Í umboðinu felst heimild til hvers konar ráðstafana sem lögmennirnir telja nauðsynlegar, þ. á m. til að höfða dómsmál ef þörf krefur og taka við og semja um greiðslur. Þá felst einnig í umboðinu heimild til að kalla eftir öllum gögnum sem þeir telja að máli geti skipt vegna þessa, s.s. hjá opinberum yfirvöldum og fjármálafyrirtækjum.

Umboðið nær ennfremur til þess að vinna ofangreindar upplýsingar, sem og persónuupplýsinga um okkur eins og nauðsynlegt er vegna framkvæmdar verkefnisins, og afhenda þær dómstólum, tryggingarfélagi, matsmönnum eða öðrum þeim sem nauðsynlega þurfa að hafa aðgang að þeim vegna vinnslu málsins, sbr. ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, og gef ég með umboði þessu samþykki mitt í skilningi 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga.

Undirrituð hefur kynnt sér og samþykkir gjaldskrá Réttar.

Skal allt sem nefndir lögmenn gera í þessu sambandi vera jafngilt og ég sjálf hefði gert.

Reykjavík, 12. apríl 2024

Rafrænt undirritað:



Undirritað af:
Halldóra Brandsdóttir
[REDACTED]
Dags: 12.04.2024
Tími: 14:48:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5a3bfffac-bfc3-
45c0-9645-3b268a71c42c



UMBOÐ

Ég undirritaður, Högni Hjálmtýr Kristjánsson, kt. [REDACTED] framkvæmdarstjóri rekstrar hjá Kaldalón hf. staðfesti hér með að Sigurður Örn Hilmarsson og löglærðir fulltrúar hans á Rétti - Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, hafa hér með fullt og ótakmarkað umboð til að gæta réttar Kaldalón hf./Lónseyri ehf. í tengslum við eftirfarandi:

Hagsmunagæsla vegna skiltis sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut

Skal allt sem nefndir lögmenn gera í þessu sambandi vera jafngilt og ég sjálfur hefði gert.

Reykjavík, 26. mars 2024

Rafrænt undirritað:



Undirritað af:
Högni Hjálmtýr
Kristjánsson
[REDACTED]
Dags: 26.03.2024
Tími: 14:19:12
Astæða: Samþykkt
Signet ID: 6fc68aed-c1f9-
4884-b0b0-85215e5038d5

Fylgiskjal nr.

2



DEBICAN

ilona







Lónseyri ehf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Efni: Miklubraut 101 – Stafrænt auglýsingaskilti án byggingarleyfis

Deild afnota og eftirlits á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur haft til skoðunar stafrænt auglýsingaskilti á lóð nr. 101 við Miklubraut sem ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi fyrir. Þá hefur borist ábending frá Vegagerðinni þar sem bent er á að stærð og staðsetning skiltisins sem vísir að Miklubraut gefi tilefni til að hafa áhyggjur af umferðaröryggi. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur tekið undir þau sjónarmið.

Samkvæmt 2.5.1.gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 skal sækja um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Samkvæmt 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má eigi setja auglýsingar eða ljósaskilti á eða við veg þannig að því sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Í samþykkt um skilti í Reykjavík 3.6.gr. og 4.8.gr. segir að stafræn auglýsingaskilti megi ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Samkvæmt mælingu er umrætt skilti um það bil 6m frá vegbrún Miklubrautar og því innan þeirra 20m marka sem miðað er við í 3.6. gr. og 4.8. gr. í samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti.

Umrætt stafrænt skilti fellur undir ákvæði laga nr. 160/2010 um mannvirki og er háð leyfi frá byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. 9. gr. laganna. Fyrir liggur að skiltið var sett upp án byggingarleyfis og án heimildar frá veghaldara, Vegagerðinni. Þar sem staðsetning þess uppfyllir ekki fjarlægðar kröfur frá vegbrún og Vegagerðin, sem er veghaldari á Miklubraut, hefur talið staðsetningu ógna umferðaröryggi. Hefur byggingarfulltrúi ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

Að veita 30 daga frest frá móttöku bréfs þessa til að fjarlægja stafræna skiltið af lóð nr. 101 við Miklubraut. Tilkynna skal verklok til deildar afnota og eftirlits að því loknu. Jafnframt er gerð sú krafa að slökkt verði á skiltinu án tafar frá móttöku bréfs þessa.

Verði ekki orðið við kröfum innan setts tímafrests áformar byggingarfulltrúi að leggja á dagsektir kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem það kann að dragast að ljúka verkinu.

Framangreind ákvörðun byggir á heimild í 2. mgr. 55. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 2.9.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Framangreind áform um dagsektir byggja á 2. mgr. 56. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 2.9.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Dagsektir og kostnaður, komi til þeirra verða innheimt skv. 4. mgr. 56. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.



Reykjavíkurborg

Hægt er að koma andmælum á framfæri við byggingarfulltrúa innan 14 daga frá móttöku þessa bréfs sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á að senda má andmæli rafrænt á netfangið usk@reykjavik.is. Vinsamlegast hafið málsnúmer og heiti fasteignar í efnislínu tölvupósts.

Vakin er athygli á að ákvörðunin um að slökkt verði á skiltinu án tafar og það fjarlægt er kæránleg til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan 30 daga frá því að kunnugt varð um hina kæránlegu ákvörðun skv. 4. gr. laga nr. 130/2011, um Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Kæra skal á vefsíður nefndarinnar, uua.is, eða með tölvupósti á uua@uua.is

Virðingarfyllst,

Brynjar Þór Jónasson
Byggingarfulltrúi

Samrit:

LED Birtingar ehf.
Sóltúni 26
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: usk@reykjavik.is

Tuesday, April 9, 2024 at 15:45:18 Greenwich Mean Time

Subject: FW: Miklabraut 101- Bréf byggingarfulltrúa.
Date: Tuesday, 9 April 2024 at 15:45:18 Greenwich Mean Time
From: Arnar Gauti Grettisson
Attachments: image001.png, image002.png

Fylgiskjal nr.

5

From: Ragnheiður Bogadóttir
Sent: mánudagur, 18. mars 2024 14:33
To: Sigurður Örn Hilmarsson [REDACTED]
Subject: Miklabraut 101- Bréf byggingarfulltrúa.

Sæll Sigurður

Til upplýsinga þá var málið tekið fyrir á afgreiðslufundi deild afnota og eftirlits með byggingarfulltrúa þann 7. mars sl. og var það afstaða hans að beina skuli ákvörðun/kröfu að eigenda fasteignarinnar Miklubraut 101 Lónseyri ehf. Höfum fengið staðfestingu að móttaka birtingarpósts hafi verið 14. mars sl.

Samrit sent hér sem fylgiskjal.

Vinsamlegast staðfestu móttöku erindis.

Með bestu kveðju



Ragnheiður Bogadóttir

Sími: +354/ 4111111

Afnot og eftirlit

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 45/2024, kæra Lónseyri ehf, kt. 590214-1830 og LED birtingar ehf., kt. 550121-2040, dags. 12. apríl 2024.

Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 8. mars, um að slökkva á og fjarlægja LED auglýsingaskilti sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut í Reykjavík, að viðlögðum dagsektum.

Málavextir

Málið hófst með bréfi eftirlitsdeildar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 4. október 2022 sem ritað var til Bensínorkunar ehf. í kjölfar ábendingar vegna framkvæmda við uppsetningu LED skiltis á vegg vetnisstöðvar á lóð nr. 101 við Miklubraut. Í bréfinu var eiganda gert að sækja um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni (fylgiskjal 1).

Þann 13. október 2022 bárust svör Orkunnar ehf. þess efnis að ekki væru um nýtt skilti að ræða heldur teldi fyrirtækið nýtt LED skilti vera eðlilega uppfærslu á eldra skilti. (fylgiskjal 3). Í kjölfarið er viðkomandi aðila bent á að eldra skilti sem vísað var í hafi ekki heldur haft byggingarleyfi.

Í nokkur skipti var krafan um að sótt yrði um byggingarleyfi og slökkt á skiltinu ítrekuð en í lok desember 2022 kom fram loforð um að umrætt LED skilti við Miklubraut 101 yrði tekið niður í janúar 2023 (fylgiskjal 7). Með tölvupósti 30. janúar 2023 voru kröfur byggingarfulltrúa ítrekaðar enn á ný og jafnframt tilkynnt að byggingarfulltrúi áformaði að leggja á dagsektir.

Hlé virðist koma í málið á þessum tímapunkti. Málið vaknar á ný þann 9. febrúar s.l. er starfsmaður vegagerðarinnar sendi borginni fyrirspurn um hvort leyfi væri fyrir LED skiltinu og lýsti samhliða yfir áhyggjum af áhrifum á umferðaröryggi á svæðinu (fylgiskjal 9).

Þann 15. febrúar 2024 var Orkunni ehf. sent bréf þar sem gefinn var 30 daga frestur til þess að fjarlægja LED skiltið á lóð nr. 101 við Miklubraut að viðlögðum 150.000 kr. dagsektum fyrir hvern þann dag sem kann að dragast að ljúka verkinu. Jafnframt var gerð krafa um að slökkt yrði á skiltinu án tafar (fylgiskjal 10). Birtingarvottorð sýnir að birting tókst þann 20. febrúar (fylgiskjal 11).



Þann 26. febrúar 2024 barst bréf frá lögmanni LED Birtingar ehf. þar sem því er lýst yfir að byggingarfulltrúi hefði átt að beina kröfum sínum að eiganda skiltisins, þ.e. LED Birtingar ehf. (fylgiskjal 12)

Eftir nánari athugun á eignarhaldi lóðarinnar sem og mannvirkja sem á henni standa var tekin ákvörðun um að beina kröfum hér eftir til þinglýsts eiganda Miklubrautar 101, þ.e. Lónseyri ehf. Bréf var sent til eiganda lóðarinnar þann 8. mars 2024 með sömu kröfum og áður um að skiltið skyldi fjarlægt og nýr 30 daga frestur gefinn að viðlögðum dagsektum (fylgiskjal 14). Birtingarvottorð sýnir að birting tókst þann 14. mars (fylgiskjal 16).

Andmæli bárust frá LED Birtingu ehf. þann 22. mars (fylgiskjal 19) og frá Lónseyri ehf. þann 8. apríl 2024 (fylgiskjal 22). Þann 12. apríl var ákvörðun byggingarfulltrúa. þ.e. krafa um að LED skiltið verði fjarlægt að viðlögðum dagsektum, kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 8. mars 2024, um að fjarlægja beri LED auglýsingaskilti á lóð nr. 101 við Miklubraut að viðlögðum dagsektum.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kærenda verði hafnað og kærð ákvörðun verði staðfest.

Málsástæður og lagarök kærenda

Vísast til kæru, dags. 12. apríl 2024. Kærandi byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirtöldum atriðum:

1. Ákvörðun ekki beint að réttum aðila.
2. Skiltið sé sambærilegt öðru skilti sem stóð á sama stað og því ekki í óleyfi.
3. Skiltið sé ekki byggingarleyfisskylt þar sem það sé hvorki fristandandi né á byggingu.
4. Vegna jafnræðissjónarmiða geti borgin ekki krafist þess að skiltið sé fjarlægt.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Kröfum um að skilti á lóð nr. 101 við Miklubraut skuli fjarlægt er beint að Lónseyri ehf. af þeim sökum að sá aðili er þinglýstur eigandi allra mannvirkja sem á lóðinni standa og ber ábyrgð á ásigkomulagi, frágangi, umhverfi og viðhaldi mannvirkja og lóðar. Upphaflega var kröfum beint til Bensínorkunnar/Orkunnar sem hafnaði ekki ábyrgð og lofaði reyndar að verða við kröfunum.

Ákveðið flækjustig er til staðar sem lýsir sér í stuttu máli þannig að Kaldalón hf. keypti lóðina í lok árs 2021 og skráði dótturfélag sitt Lónseyri ehf. fyrir henni. Orkan leigir svo mannvirki á lóðinni og stundar þar rekstur og framleigir svo einn vegg á mannvirki fyrir vetnisstöð til LED Birtingar ehf. sem hyggst setja upp auglýsingaskjá á veggnum



Kærandi heldur því fram að kröfum eigi að beina til eiganda LED skiltisins, þ.e. LED Birting ehf. en það stenst ekki skoðun að mati borgarinnar. Skiltið er inn á lóð og á mannvirki sem Lónseyri ehf. ber ábyrgð á og verður kröfum beint til eiganda í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Kærandi heldur því fram að ekki sé þörf á að sækja um byggingarleyfi fyrir hinu umþrætta skilti vegna þess að áður hafi verið sambærilegt skilti á sama stað „í áratug“. Tímalengdin sem kærandi nefnir í þessu samhengi stenst ekki skoðun m.t.t. þess að veggurinn sem skilið stendur á tilheyrir vetnisstöð sem reist var árið 2019 (sjá aðaluppdrætti samþ. 14 maí 2019, fylgiskjal 27).



Eldra skilti (mynd frá kæranda)



Nýja skiltið (mynd tekin 31. janúar s.l.)

Reykjavíkurborg hefur ekki vitneskju um það nákvæmlega hvenær eldra skiltið fór upp en ábendingar vegna nýja skiltisins bárust 2022.

Kærandi vísar þarna í kafla 4.8 samþykktar um skilti í Reykjavík sem samþykkt var á fundi skipulags- og samgönguráðs 29. apríl 2020 og á fundi borgarráðs 7. maí 2020. Í kaflanum segir:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingarskilti við stofn- og tengibrautir, sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt flettiskilti eða ef deiliskipulag heimili slíkt skilti.

Eldra skilti sem var á lóðinni milli árána 2019-2022 var hins vegar hvorki flettiskilti né hafði verið gefið út leyfi fyrir það. Deiliskipulag heimilar þá ekki slíkt skilti á lóðinni. Á tilvísað ákvæði því ekki við í þessu máli.

Í næstu málsgrein sama ákvæðis samþykktar um skilti í Reykjavík segir:

Heimilt er að veita ákveðnum stofnunum leyfi til að setja upp stafrænt auglýsingaskilti á standi eða vegg. Skiltin mega ekki vera hærra en 8m og ekki stærri en 25m², nema að annað sé heimilað í skipulagi. Stafræn auglýsingaskilti mega ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísun og öðrum umferðarbúnaði en 20m.

Skiltið sem um ræðir á lóð kæranda er nær vegbrún götu en 20 m og gæti því haft truflandi áhrif á umferð. Þessi krafa þjónar sama markmiði og ákvæði 90. gr. umferðalaga nr. 77/2019 sem er



svo hljóðandi:


Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað má eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja má hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmar vegrás eða er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni.

Veghaldari Miklubrautar er Vegagerðin sem hefur ekki gefið leyfi fyrir skiltinu. Vegagerðin setti út á staðsetningu skiltisins í febrúar 2024 með tölvupósti til borgarinnar þar sem viðraðar voru áhyggjur af umferðaröryggi á svæðinu, sér í lagi m.t.t. nálægðar við ein slyshæstu gatnamót landsins (fylgiskjal 9)

Kærandi telur að umrætt skilti sé ekki byggingarleyfisskylt með vísan í orðalag 2.5.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem kveður á um byggingarleyfisskyldu skilta umfram 1,5m² að stærð sem eru frístandandi eða staðsett á byggingum. Rök kæranda eru þau að LED skilti á vegg vetnisstöðvarinnar á lóð nr. 101 við Miklubraut sé hvorki frístandandi né á byggingu.

Bygging er svo skilgreind í byggingarreglugerð: Hús, byggt á staðnum eða sett saman úr einingum, og önnur sambærileg mannvirki. Veggir vetnisstöðvarinnar eru óumdeilanlega mannvirki, sbr. 13. tl. 3. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Til skoðunar kemur því hvort vetnisstöðin sé sambærilegt mannvirki í þessum skilningi.

Vetnisstöðin sem slík er byggingarleyfisskyld og hlaut leyfi í nóvember 2018. Veggir þeir sem kærandi kallar skjólveggi er svo lýst í aðaluppdráttum, samþ. 14. maí 2019 (fylgiskjal 27): „Veggir og öryggishlið utan um stöðina hindra óviðkomandi aðgengi og tryggja kröfur um öryggisfjarlægðir [...], sjá nánar greinagerð mannvits“. Greinagerð mannvits má sjá í fylgiskjali 24.



Veggir vetnisstöðvarinnar voru reistir innan byggingarreits og á grundvelli byggingarleyfis fyrir vetnisstöðina.

Teljast veggir vetnisstöðvarinnar ekki hluti af byggingu kemur til skoðunar hvort skiltið teljist frístandandi. Hugtakið er ekki skilgreint í byggingarreglugerð en í samþykkt um skilti í Reykjavík er það svo skilgreint: „Skilti sem ekki eru fest við hús en eru með varanlega tengingu við jörð“. Frístandandi skilti er þannig ekki laust eða hreyfanlegt skilti sem skilgreind eru á eftirfarandi hátt: „Skilti eða auglýsing sem ekki er með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki“

Skiltið sem um ræðir er vissulega fest á mannvirki sem er með varanlega tengingu við jörð. Reykjavíkurborg telur ljóst að skiltið telst annaðhvort fest á byggingu eða



frístandandi og því sé um að ræða byggingarleyfissskyldu skv. 2.5.1. gr. byggingarreglugerðar. Að mati borgarinnar yrði sú niðurstaða, þ.e. að taka undir rök kærenda um að heimilt sé að reisa skilti á veggjum vetnisstöðvarinnar vegna formsatriðis eða glufu í reglugerðinni, alvarleg og hefði mjög neikvæðar afleiðingar vegna fordæmisgildis.

Hvað varðar brot á jafnræði í málinu hafnar borgin þeim ásökunum. Vissulega á sú ábending við rök að styðjast að víða í borginni má finna LED skilti sem reist hafa verið án heimildar borgaryfirvalda og er þar um að ræða ærið verkefni sem stöðugt er verið að vinna í. Þeim fullyrðingum um að komið sé fram við borgarana með mismunandi hætti vegna slíkra skilta er hafnað. Sambærileg tilvik fá sambærilega meðferð. Þá er það að sama skapi ekki réttmæt eða löggild afsökunarástæða að benda á aðra sem mögulega hafi einnig framkvæmt eitthvað sem ekki stenst lög og reglur.

Ákvörðun byggingarfulltrúa þess efnis að boða dagsektir byggir á 56. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 2.9.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Byggingarfulltrúi hefur heimild til þess að beita dagsektum, allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um. Byggingarfulltrúi metur það hverju sinni hver sé eðlileg upphæð dagsekta m.t.t. aðstæðna í hverju máli. Upphæð dagsekta, 150.000 kr., að undangengnum frestum og aðvörunum, þykir eins og málum er hér háttað bæði eðlileg og sanngjörn.

Upphæð dagsekta verður hvert sinn að vera slík að álagning þeirra skili tilætluðum árangri. Í þessu tilfalli metur byggingarfulltrúinn í Reykjavík stöðuna þannig að LED skiltið sem um er deilt valdi almanna hættu vegna nálægðar við umferðarmannvirki og því sé mikilvægt að slökkt sé á skiltinu sem fyrst og að það verði tekið niður. Í ljósi þess að sektarþoli er stöðugt fyrirtæki, en ekki t.a.m. einstaklingur, þá valdi byggingarfulltrúi að beita hærri dagsektum en ella. Hins vegar skal bent á að upphæðin er fjarri því nálægt hámarkinu og því metin hófleg.

Samantekt og niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingunni kröfunnar um að LED skiltið skuli fjarlæggt og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kærenda í málinu.

Stór skilti eru háð byggingarleyfi og óheimilt er að reisa þau án leyfis byggingarfulltrúa, sbr. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast þess að ólögleg mannvirki séu fjarlægð skv. 2. mgr. 55. gr. mannvirkjalaga. Krafan um að skiltið sé fjarlæggt byggir því þá þegar á lögsmætum forsendum.

Skiltið sem um ræðir er u.þ.b. 50 m² að stærð og er það mat borgarinnar og Vegagerðarinnar að hætta geti stafað af því vegna nálægðar við umferð. Af þeim sökum var byggingarfulltrúa einnig heimilt að krefjast þess að skiltið sé fjarlæggt vegna þeirrar hættu sem af því stafar skv. 2. mgr. 56. gr. mannvirkjalaga.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.



F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís K Bergmann

Snædís Karlsdóttir Bergmann

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Fylgigögn:

1. Bréf 4.10.2024 - Krafa um að sótt verði um byggingarleyfi
2. TP 4.10.2022 - Krafa um að sótt verði um byggingarleyfi
3. TP 13.10.2022 - Skýringar Orkunnar
4. Mynd af skilti sem var áður, sent með TP 13.10.2022
5. TP 25.10.2022 - Áminning
6. TP 13.12.2022 - Krafa um að slökkt verði á skiltinu
7. TP des 2022 og jan 2023 - Orkan samþykkir að taka skiltið niður + ítrekun
8. TP jan 2023 til LED birtingar
9. Vegagerðin viðrar áhyggjur febrúar 2024
10. Bréf 15. febrúar 2024 - Krafa um að skilti verði fjarlæggt innan 30 daga að viðlögðum dagsektum
11. Birtingarvottorð
12. Bréf frá LED Birtingu 26. febrúar 2024
13. Símtal 5. mars 2024
14. Bréf með kærðri ákvörðun
15. Fasteignayfirlit Miklabraut 101
16. Birtingarvottorð
17. TP beiðni um frest mars 2024
18. Beiðni um frest
19. Andmæli 22. mars 2024
20. Frestur veittur til 8. apríl
21. Andmæli 8. apríl 2024
22. Fylgiskjöl með andmælum 8. apríl 2024
23. Gögn með byggingarleyfisumsókn
24. Greinagerð með brunahönnun
25. Samþykkt byggingaráform 2018
26. Byggingarleyfi nóvember 2018
27. Aðaluppdrættir samþ. 14. maí 2019
28. Lokaúttekt 2023



Árið 2024, föstudaginn 30. ágúst, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Ómar Stefánsson varaformaður og Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður.

Fyrir var tekið mál nr. 45/2024, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2024 um að slökkt verði á LED-auglýsingaskilti og það fjarlægt að viðlögðum dagsektum.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. apríl 2024, er barst nefndinni sama dag, kæra Lónseyri ehf. og LED Birtingar ehf. þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2024 um að slökkt verði á LED-auglýsingaskilti á lóð nr. 101 við Miklubraut og það fjarlægt að viðlögðum dagsektum. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 17. maí 2024.

Málavextir: Með bréfi, dags. 4. október 2022, tilkynnti eftirlitsdeild umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, fyrir hönd byggingarfulltrúa, Bensínorkunni ehf. að borist hefði ábending um framkvæmdir við LED-auglýsingaskilti á vegg vetnisstöðvar á lóð nr. 101 við Miklubraut. Var í bréfinu þeim tilmælum beint til þinglýsts eiganda að sækja um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni og að slökkt yrði á skiltinu þar til slíkt leyfi hefði verið samþykkt og útgefið. Var bréfinu svarað af hálfu Orkunnar ehf. með tölvupósti 13. s.m., þar sem fram kom að ekki væri um nýtt skilti að ræða heldur uppfærslu á eldra skilti sem hefði verið á þessum stað í fleiri ár. Var Orkunni ehf. svarað 25. s.m. með tölvupósti og bent á að eldra skilti hefði ekki haft byggingarleyfi og um óleyfisframkvæmd væri að ræða. Var ítrekað að sækja yrði um byggingarleyfi og gerð sú krafa að slökkt yrði á skiltinu þar til leyfi hefði verið veitt. Með tölvupósti 23. desember s.á. upplýsti Orkan ehf. um að kærandi, LED Birtingar ehf., myndi taka skjáinn niður dagana 5.-6. janúar 2023.

Með tölvupósti 23. janúar 2024 var upplýst að í ljós hefði komið við vettvangsskoðun að búið væri að kveikja á umræddu skilti. Málið yrði tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa og uppi væru áform um álagningu dagsekta. Upplýsti Orkan ehf. með tölvupósti samdægurs að ítrekað yrði við LED Birtingar ehf. að taka skiltið niður. Með tölvupósti 30. janúar 2024 voru kröfur byggingarfulltrúa ítrekaðar og tilkynnt að áformað væri að leggja á dagsektir og ítrekuð krafa um að slökkt yrði á skiltinu og það fjarlægt.

Reykjavíkurborg barst fyrirspurn frá Vegagerðinni með tölvupósti 9. febrúar 2024 þar sem óskað var upplýsinga um hvort umrætt skilti hefði verið sett upp með leyfi Reykjavíkurborgar. Skiltið væri staðsett við ein slysahestu gatnamót landsins og var lýst yfir áhyggjum af áhrifum þess á umferðaröryggi.

Með bréfi byggingarfulltrúa, dags. 15. febrúar s.á., til Orkunnar ehf. var vísað til fyrri samskipta vegna umrædds LED-skiltis. Var gefinn 30 daga frestur til að fjarlægja skiltið ella yrðu lagðar á dagsektir að fjárhæð kr. 150.000 fyrir hvern dag sem drægist að ljúka verkinu sbr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Var einnig gerð krafa um að slökkt yrði á skiltinu án tafar.

LED Birtingar ehf. svaraði bréfi byggingarfulltrúa með bréfi, dags. 26. febrúar s.á., þar sem bent var á að í lok árs 2021 hefði Kaldalón ehf. keypt lóð nr. 101 við Miklubraut af Skeljungu ehf. en Orkan ehf. væri í fullri eigu Skeljungs. Við kaupin hefði verið gerður langtíma-leigusamningur milli kaupanda lóðarinnar og Orkunnar ehf. um afnot af lóðinni. Í kjölfar kaupanna hefði LED Birtingar ehf. leigt vegg á lóðinni og sett þar upp umrætt LED-skilti. Skráður eigandi lóðarinnar væri Lónseyri ehf., dótturfélag Kaldalóns ehf. Það væri á ábyrgð lóðareiganda að sækja um byggingarleyfi fyrir mannvirkjum ella þyrfti skriflegt umboð lóðareiganda fyrir slíkri umsókn. Orkan ehf. væri hvorki lóðareigandi né eigandi skiltisins og því væri málið Orkunni ehf. óviðkomandi. Hefði bréf byggingarfulltrúa með réttu átt að beinast að LED Birtingum ehf. sem eiganda og rekstraraðila skiltisins og/eða lóðareiganda. Var gerð krafa um að byggingarfulltrúi tæki áform um álagningu dagsekta gagnvart Orkunni til nýrrar meðferðar, meðal annars með vísan til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og þeirrar staðreyndar að önnur svipuð auglýsingaskilti fengu að standa athugasemdalaust víða um borgina án byggingarleyfis.

Byggingarfulltrúi sendi Lónseyri ehf. bréf, dags. 8. mars 2024, þar sem upplýst var að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefði haft til skoðunar stafrænt auglýsingaskilti á lóð nr. 101 við Miklubraut sem ekki hefði verið sótt um byggingarleyfi fyrir. Veittur var 30 daga frestur frá móttöku bréfsins til að fjarlægja umrætt skilti en jafnframt gerð sú krafa að slökkt yrði á skiltinu án tafar. Yrði ekki orðið við kröfum innan setts tímafrests áformaði byggingarfulltrúi að leggja á dagsektir kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem það kynni að dragast að ljúka verkinu. Byggingarfulltrúi byggði þessar kröfur á heimild í 2. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010 og gr. 2.9.1. byggingarreglugerðar og áform um dagsektir á 2. og 4. mgr. 56. gr. laganna og gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar. Með tölvupósti 26. mars 2024 óskaði Lónseyri ehf. eftir fresti til að leggja fram andmæli og var veittur frestur til 8. apríl s.á. Lónseyri ehf. og LED Birtingar ehf. mótmæltu áformum byggingarfulltrúa með bréfi, dags. 8. apríl 2024, og lögðu sameiginlega fram kæru í máli þessu.

Málsrök kæranda: Bent er á að byggingarfulltrúi sé ekki að beina kröfum sínum að réttum aðila, þ.e. Lónseyri ehf. sem eiganda lóðarinnar sem umrætt auglýsingaskilti standi á. Hvorki í lögum nr. 160/2010 um mannvirki né í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé kveðið á um hver það sé sem eigi að sækja um byggingarleyfi fyrir skiltum. Í 2. mgr. gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar sé einungis kveðið á um að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem séu yfir 1,5 m². Í 3. mgr. komi fram að umsækjandi skuli senda skriflega umsókn ásamt tilheyrandi gögnum til leyfisveitanda. Í gr. 2.5.2. reglugerðarinnar komi fram að eigandi skiltisins beri ábyrgð á öryggiskröfum sem kveðið sé á um í sama ákvæði. Af þessu leiði að lóðareigandi beri ekki skyldu til að sækja um byggingarleyfi og því beri Reykjavíkurborg að beina kröfum sínum að LED Birtingu ehf. sem sé eigandi skiltisins. Það geti ekki staðist að Reykjavíkurborg geti krafist þess að lóðareigandi fjarlægi eða slökkvi á skilti sem standi á lóð hans en hann hafi engin umráð yfir og því beri að fella ákvörðun byggingarfulltrúa úr gildi. Þegar LED Birtingar ehf. hafi leigt umræddan vegg hafi verið þar fyrir auglýsingaskilti sem hafi athugasemdalaust staðið á veggnum í áratug. LED Birtingar ehf. hafi einungis tekið niður fyrra auglýsingaskilti og sett nýtt, sömu stærðar, á sama

stað. Skiltið sem nú sé á veggnum sé með lægra birtustig ásamt því að vera umhverfisvænna en fyrra skilti.

Af hálfu kæranda er vísað til samþykktar um skilti í Reykjavík sem samþykkt var á fundi borgarráðs 7. maí 2020 og birt á vef borgarinnar 11. maí s.á. Í gr. 3.6. í samþykktinni komi meðal annars fram að leyfilegt sé að setja upp nýtt stafrænt auglýsingaskilti sem sé stærra en 10 m² ef fyrir sé sambærilegt skilti. Kærendur hafi staðið í þeirri trú að tilskilin leyfi hafi verið fyrir fyrra skilti þegar veggurinn var tekinn á leigu og sett upp nýtt skilti, enda hafi fyrra skilti staðið á veggnum árum saman án athugasemda. Horfa beri til jafnræðissjónarmiða stjórnslulaga nr. 37/1993 þegar kröfur séu lagðar á borgarana. Önnur sambærileg auglýsingaskilti fái að standa athugasemdalaust víðsvegar um borgina án byggingarleyfis, þrátt fyrir að þau séu óumdeilanlega á byggingum eða frístandandi. Það sé brot gegn jafnræðisreglu stjórnsluréttar þegar byggingarfulltrúi aðhafist ekki gagnvart öðrum en krefjist þess að kærendur slökkvi á og fjarlægi sitt skilti.

Auglýsingaskilti á strætóskýlum séu undanþegin byggingarleyfisskyldu og fjöldi slíkra skilta séu í nágrenni við hið umdeilda skilti. Þau séu sambærileg umræddu skilti sem skilti sem standi nærri vegum og rekstraraðilar þeirra séu því í beinni samkeppni við kærendur. Það skjóti skökku við að auglýsingaskilti á strætóskýlum fái að standa athugasemdalaust og án allrar aðkomu byggingarfulltrúa og veghaldara líkt og Vegagerðarinnar, sbr. 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þetta sé sérstaklega einkennilegt þar sem Strætó bs. sé í eigu sveitarfélaganna, þar á meðal Reykjavíkurborgar, sem hafi nú farið fram á að kærendur fjarlægi og slökkvi á sínu skilti að viðlögðum dagsektum.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Vísað er til þess að kröfu um að skilti á lóð nr. 101 við Miklubraut skyldi fjarlægt hafi verið beint að Lónseyri ehf. sem þinglýstum eiganda allra mannvirkja sem á lóðinni standi en sem slíkur beri aðilinn ábyrgð á ásigkomulagi, frágangi, umhverfi og viðhaldi mannvirkja og lóðar. Þar sem skiltið sé á lóð og mannvirki sem Lónseyri ehf. beri ábyrgð á verði kröfum beint til eiganda í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Fullyrðingar kæranda um að áður hafi verið sambærilegt skilti á sama stað í áratug standist ekki skoðun þar sem veggurinn sem skiltið standi á tilheyri vetnisstöð sem hafi verið reist árið 2019. Borgaryfirvöld hafi ekki vitneskju um hvenær eldra skilti hafi farið upp en ábendingar vegna nýja skiltisins hafi borist árið 2022.

Í kafla 4.8 samþykktar um skilti í Reykjavík komi fram að leyfilegt sé að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti við stofn- og tengibrautir sem séu stærri en 10 m² ef að fyrir sé sambærilegt flettiskilti eða ef deiliskipulag heimili slíkt skilti. Eldra skilti sem hafi verið á lóðinni milli árana 2019–2022 hafi hvorki verið flettiskilti né hafi verið gefið út leyfi fyrir því. Deiliskipulag heimili ekki slíkt skilti á lóðinni og því eigi ákvæðið ekki við. Í næstu málsgrein í sama kafla samþykktarinnar sé kveðið á um að heimilt sé að veita ákveðnum stofnunum leyfi til að setja upp stafrænt auglýsingaskilti á standi eða vegg. Skiltin megi ekki vera hærri en 8 m og ekki stærri en 25 m² nema annað sé heimilað í skipulagi. Stafræn auglýsingaskilti megi ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísunum og öðrum umferðarbúnaði en 20 m. Umrætt skilti sé nær vegbrún götu en 20 m og gæti því haft truflandi áhrif á umferð. Þessi krafa þjóni sama markmiði og ákvæði 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Veghaldari Miklubrautar sé Vegagerðin sem hafi ekki gefið leyfi fyrir skiltinu og þá hafi Vegagerðin sett út á staðsetningu þess í febrúar 2024.

Bygging sé skilgreind í byggingarreglugerð sem hús, byggt á staðnum eða sett saman úr einingum og önnur sambærileg mannvirki. Veggir vetnisstöðvarinnar séu óumdeilanlega

mannvirki sbr. 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010. Vætnisstöðin sé byggingarleyfisskyld og hafi hlotið leyfi í nóvember 2018. Veggjum þeim sem kærandi kalli skjólveggi sé lýst í aðaluppráttum sem samþykktir hafi verið 14. maí 2019. „Veggir og öryggishlið utan um stöðina hindra óviðkomandi aðgangi og tryggja kröfur um öryggisfjarlægðir [...]“. Veggir vætnisstöðvarinnar hafi verið reistir innan byggingarreits og á grundvelli byggingarleyfis fyrir vætnisstöðina. Teljist veggirnir ekki hluti af byggingu komi til skoðunar hvort skiltið teljist frístandandi. Hugtakið sé ekki skilgreint í byggingarreglugerð en í samþykkt um skilti í Reykjavík sé það skilgreint svo: „Frístandandi skilti er þannig ekki laust eða hreyfanlegt skilti sem skilgreind eru á eftirfarandi hátt: Skilti eða auglýsing sem ekki er með varanlegum festingu við jörð eða mannvirki.“ Hið umdeilda skilti sé vissulega fest á mannvirki sem sé með varanlega tengingu við jörð. Því sé ljóst að skiltið teljist annað hvort fest á byggingu eða frístandandi og því sé um að ræða byggingarleyfisskyldu skv. gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar.

Hvað jafnræði varði eigi sú ábending vissulega við rök að styðjast að víða í borginni sé að finna LED-skilti sem reist hafi verið án heimildar borgaryfirvalda og það sé verkefni sem verið sé að vinna í. Því sé þó hafnað að komið sé fram við borgarana með mismunandi hætti vegna slíkra skilta og að sambærileg tilvik fái ekki sambærilega meðferð. Þá sé það ekki réttmæt eða löggild afsökunarástæða að benda á aðra sem mögulega hafi einnig framkvæmt eitthvað sem ekki standist lög og reglur.

Ákvörðun byggingarfulltrúa að boða dagsektir byggi á 56. gr. laga nr. 160/2010 og gr. 2.9.2. í byggingarreglugerð. Byggingarfulltrúi hafi heimild til að beita dagsektum allt að kr. 500.000 til að knýja menn til þeirra verka sem þeir skuli hlutast til um. Það sé byggingarfulltrúa að meta það hverju sinni hvað sé eðlileg upphæð dagsekta með tilliti til aðstæðna í hverju máli. Upphæð dagsekta verði hverju sinni að vera slík að álagning þeirra skili tilætluðum árangri. Í þessu tilfalli hafi byggingarfulltrúi álitnið að skiltið sem um sé deilt skapaði almannahættu vegna nálægðar við umferðarmannvirki og því væri mikilvægt að slökkt yrði á því sem fyrst og það tekið niður. Í ljósi þess að sektarþoli væri stöndugt fyrirtæki þá hafi hærri dagsektum verið beitt en ella. Hins vegar væri upphæðin fjarri hámarki og því metin hófleg.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Skírskotað sé til 3. kafla samþykktar Reykjavíkurborgar um skilti, nánar tiltekið gr. 3.6. en ekki gr. 4.8. líkt og byggt sé á í umsögn Reykjavíkurborgar. Í 3. kafla séu almenn ákvæði sem nái til allra skilta óhæð stærð, staðsetningu og tæknibúnaði. Í gr. 3.6. segi meðal annars að leyfilegt sé að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem séu stærri en 10 m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti, svo sem flettiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slíkt. Í þessari reglu sé kveðið skýrt á um að leyfilegt sé að setja upp nýtt skilti ef að fyrir hafi verið sambærilegt skilti og sé flettiskilti tekið fram í dæmaskyni. Túlkun Reykjavíkurborgar um að reglan geti aðeins átt við þegar flettiskilti sé skipt út fyrir stafrænt skilti sé hafnað. Reglan sé sú að ef fyrir hafi verið sambærilegt skilti þá sé heimilt að uppfæra skiltið til hins betra, t.d. hvað varði umhverfissjónarmið. Þrátt fyrir að fyrra skilti sem verið hafi á veggnum hafi ekki verið flettiskilti þá hafi það óumdeilanlega verið sambærilegt hinu nýja skilti. LED Birtingar ehf., hafi sett skiltið upp í góðri trú um að fyrra sambærilega skiltið hafi verið með tilskilin leyfi.

Í niðurlagi bæði gr. 3.6. og gr. 4.8. nefndrar samþykktar sé undantekning fá meginreglunni um að heimilt sé að setja upp stafrænt skilti ef fyrir hafi verið sambærilegt skilti og virðist Reykjavíkurborg byggja á þeirri undantekningu í umsögn sinni. Slíka undantekningu beri að túlka þröngt en um sé að ræða reglu sem kveði á um ákveðna vegalengd að vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísun. Hvorki séu lagðar fram mælingar af hálfu Reykjavíkurborgar hvað undantekningarregluna varði né önnur gögn en tölvupóst frá starfsmanni Vegagerðarinnar. Það

eitt sé ekki fullnægjandi og ákvörðunin sé byggð á ófullnægjandi og órannsökuðum forsendum. Í tölvupósti starfsmanns Vegagerðarinnar hafi komið fram að skiltið væri 270 m frá „einum slysamestu gatnamótum landsins“. Í ljósi þess að skiltið sé í um það bil 270 m fjarlægð frá aðliggjandi gatnamótum byggi kærendur á því að skiltið þurfi ekki einnig að vera í 20 m fjarlægð frá vegbrún aðliggjandi gatna enda sé reglan í samþykkt Reykjavíkurborgar sett fram til þess að vernda umferðaröryggi í kringum gatnamót. Sú vernd sjáist hvað best þegar litið sé til auglýsingaskilta sem fá að standa athugasemdalaust mun nær vegbrún en í 20 m fjarlægð, en þess virðist gætt að auglýsingaskilti strætóskýla séu í að minnsta kosti 20 m fjarlægð frá gatnamótum. Skiltið að Miklubraut 101 snúi hvorki að aðliggjandi gatnamótum né sé það staðsett svo nálægt þeim að þau hafi truflandi áhrif á umferð, enda hafi aldrei orðið slys né árekstur í námunda við skiltið svo vitað sé.

Veghaldari Miklubrautar sé Vegagerðin og það sé hennar að framfylgja vegalögum en ekki Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hafi meðal annars vísað til 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og fullyrt að reglur samþykktarinnar um fjarlægð frá gatnamótum og götum þjóni sama markmiði, en þar segi orðrétt: „Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður [...]“. Það sé því ekki á forræði Reykjavíkurborgar að krefjast þess að skiltið sé fjarlægt heldur Vegagerðarinnar telji hún þess þörf, en slíkt hafi ekki verið gert.

Auglýsingaskilti séu ekki byggingarleyfisskyld ef þau séu hvorki á byggingum né frístandandi sbr. 21. tl. gr. 1.2.1. byggingarreglugerðar og gr. 1.4. samþykktar Reykjavíkurborgar um skilti, líkt og eigi við í þessu tilviki. Ekkert hafi komið fram í umsögn Reykjavíkurborgar sem gefi til kynna að skiltið sé byggingarleyfisskyld. Veggurinn sem skiltið sé á sé ekki hluti af vetnisstöðinni og séu sambærilegir veggir almennt ekki byggingarleyfisskyldir og falli almennt undir gr. 2.3.5. byggingarreglugerðar sem minniháttar mannvirkjagerð, undanþegna byggingarheimild og leyfi. Þá sé veggurinn ekki „sambærilegt mannvirki“ í skilningi 21. tl. gr. 1.2.1. byggingarreglugerðar enda sé um að ræða vegg en ekki hús sem alla jafna sé ætlað til daglegar dvalar og/eða svefns. Veggnum sé einungis lýst í aðaluppdráttum undir kaflanum „Brunavarnir“. Það sé með engu móti verið að vísa til þeirra í aðaluppdráttum sem hluta af byggingarleyfi vetnisstöðvarinnar.

Fullyrðingum um neikvæðar og alvarlegar afleiðingar sé vísað á bug, sérstaklega í ljósi reksturs auglýsingaskilta í flestum ef ekki öllum strætóskýlum borgarinnar sem og á strætisvögnum. Því sé verið að brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnisýslulaga. Þá geti það ekki verið á ábyrgð kæranda ef skilgreiningar í byggingarreglugerð eða samþykktum Reykjavíkurborgar um skilti séu óljósar eða valdi vafa. Athafnafrelsi borgaranna verði ekki settar skorður nema með skýrum lögum og reglum.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2024, að gera kröfu á hendur lóðarhafa Miklubrautar 101 um að slökkt verði á LED-auglýsingaskilti á lóðinni og það fjarlægt að viðlögðum dagsektum.

Lónseyri ehf. er skráður eigandi lóðar nr. 101 við Miklubraut og þeirra mannvirkja sem á lóðinni standa. Í 1. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, er kveðið á um að byggingarfulltrúi skuli gera eiganda eða umráðamanni lóðar aðvart sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hættu eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu. Samkvæmt

framangreindu er byggingarfulltrúa heimilt að beina kröfum sínum að eiganda jafnt sem umráðamanni lóðar. Ber lóðarhafi samkvæmt ákvæðinu ábyrgð á að uppfyllt séu skilyrði laga og reglugerðar um ásigkomulag og frágang lóðarinnar. Var byggingarfulltrúa því heimilt að beina kröfum sínum að eiganda lóðarinnar þar sem umdeilt skilti stendur.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010 falla skilti undir gildissvið laganna. Í 8. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna segir að kveða skuli á um staðsetningu, gerð og frágang skilta í reglugerð auk ákvæða um hvaða skilti skuli háð byggingarleyfi. Í 2. mgr. gr. 2.5.1. í byggingarreglugerð er kveðið á um að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m². Undanþegin byggingarleyfisskyldu eru þó skilti allt að 2,0 m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur sem og skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga. Samkvæmt 21. tl. gr. 1.2.1. byggingarreglugerðar teljast til bygginga „hús, byggt á staðnum eða sett saman úr einingum og önnur sambærileg mannvirki“. Telja verður umrædda vetnisstöð til byggingar en hún er umlukt steiptum þriggja metra háum veggjum og með öryggishliði, án þaks sökum sérhæfðrar starfsemi, reist samkvæmt byggingarleyfi útgefnu 6. nóvember 2018. Þá er óumdeilt í málinu að hið umdeilda auglýsingaskilti er yfir 1,5 m² viðmiði því er 2. mgr. gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar tekur mið af. Er auglýsingaskiltið því byggingarleyfisskyld sbr. áðurgreind ákvæði laga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar.

Í 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað megi eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari geti synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telji hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja megi hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmi vegsýn eða sé til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferð.

Í 32. gr. vegalaga er fjallað um fjarlægð mannvirkja frá vegi. Þar kemur fram í 1. mgr. að ekki megi staðsetja byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Þá segir í 2. mgr. að óheimilt sé að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkist af beinum línnum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari geti ef sérstaklega standi á fært út mörk þessi allt að 150 m.

Miklubraut, sem hið umdeilda skilti er staðsett við, telst stofnvegur og er í flokki þjóðvega skv. 8. gr. vegalaga. Samkvæmt 13. gr. laganna er Vegagerðin veghaldari þjóðvega og þar með talið Miklubrautar. Er samkvæmt framangreindum ákvæðum laga óheimilt að staðsetja auglýsingaskilti við Miklubraut nema með leyfi Vegagerðarinnar. Slíkt leyfi liggur ekki fyrir í máli þessu.

Það að kærandi hafi talið að auglýsingaskilti það sem fyrir var á veggnum hafi verið þar með lögætum hætti leiðir ekki til þess að honum sé óskyldt að sækja um byggingarleyfi fyrir hinu nýja skilti, enda hefur óleyfisframkvæmd ekki fordæmisgildi. Skýrt er kveðið á um í lögum nr. 160/2010 og byggingarreglugerð að auglýsingaskilti, líkt og um ræðir í máli þessu, séu byggingarleyfisskyld.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er kröfum kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað. Með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. laga

nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þykir þó rétt að dagsektir sem kunna að hafa verið lagðar á til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falli niður.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2024 um að slökkva á og fjarlægja LED-auglýsingaskilti að viðlögðum dagsektum.

Dagsektir sem kunna að hafa verið lagðar á samkvæmt hinni kærðu ákvörðun til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falla niður.

Arnór Snæbjörnsson (sign)

Ómar Stefánsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)